

FJALLSKILASEÐILL FYRIR SAURBÆ ÁRIÐ 2020

Leitir og réttir í fjallskiladeild Saurbæjar verða á eftirfarandi hátt:

Fyrri leit fer almennt fram laugardaginn 19. september en gert er ráð fyrir að Hvolfsfjall verði smalað 12. september. Réttarhald í Brekkurétt hefst kl. 11⁰⁰ sunnudaginn 20. september.

Seinni leit fer almennt fram laugardaginn 3. október en gert er ráð fyrir að Torffjall verði smalað fyrr eins og verið hefur undanfarin ár – leitarstjóri og leitarmenn komi sér saman um tímasetningu. Réttarhald í Brekkurétt hefst kl. 13⁰⁰ sunnudaginn 4. október.

Fjáreigendur sinni eftirleitum þar sem þeir eiga fjárvon eftir skipulagðar leitir í samráði við leitarstjóra og landeigendur þar sem við á.

Verði að fella niður leit vegna veðurs skal hún fara fram næsta færan dag.

Fjallskiladagsverkið er metið kr. 12.250,- Kostnaður á hverja kind er kr. 500,-

Leitarstjórar eru:

Á Hvolfsfjalli, Brekkudal og Svínadal austanverðum	Arnar Eysteinnsson s: 434 1528 / 893 9528
Á Hvítadal og Svínadal vestanverðum	Þórarinn B. Þórarinnsson s: 487 5331 / 864 2163
Í Grandastaðaleit	Jón Ingi Ólafsson s: 434 1556 / 867 7286
Á Traðardal og Þverdal ásamt Torffjalli í seinni leit	Guðmundur Gunnarsson s: 434 1521 / 893 3593
Á Torffjalli í fyrri leit	Steingrímur Hjartarson s: 434 1547 / 894 7150

Réttarstjórn í Brekkurétt: Þórarinn B. Þórarinnsson s: 487-5331 / 864-2163

Réttarstjóri annast úrtíning og sér til þess að fé í safngirðingu hafi aðgang að vatni.

Réttarmenn í Skerðingsstaðarétt:

Í fyrri leit	Þróstur Harðarsson s: 482 1578 / 861 3878
Í seinni leit	Guðmundur Gunnarsson s: 434 1521 / 893 3593

Fjallskilanevnd sér til þess að fé úr Saurbæ verði sótt í Skarðsrétt og að fé úr Hvammssveit og Laxárdal verði tekið með. Einnig að fé úr Saurbæ sem kemur í Hvammssveit úr Gillastaðarétt verði sótt og fé af Skarðsströnd verði tekið með.

Öll leitar svæði skal leita tvisvar fyrir skilarétt sem er 4. október, en fjallskilanevnd gerir ekki athugasemd við að leit fari fram á öðrum dögum en tilgreindir eru hér að ofan, telji leitarstjóri í samráði við leitarmenn á viðkomandi svæði að það skili betri árangri.

Allir ábúendur eða umráðamenn jarða eru skyldir að smala heimalönd sín fyrir skilarétt og koma ókunnugu fé til réttar áður en réttarhald hefst. Leitarstjórar stjórna leitum hver á sínu svæði og skulu sjá um ásamt leitarmönnum að koma ókunnugu fé til réttar.

Nauðsynlegt er að þeir sem af einhverjum ástæðum geta ekki lagt til menn í leitir, tilkynni það viðkomandi leitarstjóra með sem mestum fyrirvara svo hægt sé að útvega menn í þeirra stað. Leitarmenn mæti vel búnir og klæðist fötum í áberandi lit.

Vanræki menn að leggja fram dagsverk skv. álagningu þessari, ber þeim að greiða þau með 50% álagi til fjallskilasjóðs og skulu leitarstjórar eða leitarmenn tilkynna um vanrækslu til sveitarstjóra.

Allar kindur sem koma til Brekkuréttar verða taldar.

Fjallskilanevnd: Ingveldur Guðmundsdóttir, Jón Ingi Ólafsson og Þróstur Harðarson